



*Leikskólinn Álfasteinn*

# ***Skólanámskrá***



## Efnisyfirlit

- 1. Inngangur**
- 2. Grundvöllur leikskólastarfs**
  1. Almenn markmið
- 3. Upplýsingar um leikskólann og rekstraraðila**
  1. Saga leikskólans
  2. Umhverfi leikskólans
  3. Yfirstjórn leikskólans
- 4. Markmið leikskólans - leiðir að markmiðum**
  1. Uppeldissýn leikskólans/hugmyndafræðin
  2. Sérþarfir barna
  3. Langtímamarkmið Álfasteins
- 5. Undirstöðupættir leikskólastarfsins**
  1. Daglegt líf
  2. Hópastarf
  3. Stóri hópur eða "skólahópur"
  4. Samstarf leik- og grunnskóla
  5. Leiktími/val
  6. Útivist
  7. Hvíld
  8. Hreinlætisvenjur
  9. Matmálstímar
  10. Leikurinn
- 6. Námsvið leikskólans**
  1. Lífsleikni
  2. Kubbaleikur/stærðfræði
  3. Hreyfing
  4. Málrækt
  5. Tónlist
  6. Náttúra og umhverfi
  7. Minning og samfélag
- 7. Samstarf heimilis og leikskólans**
  1. Foreldrasamstarf
  2. Foreldraviðtöl
  3. Foreldrafélagið Alvör
  4. Foreldrafundir
  5. Fréttabréf
- 8. Mat á leikskólastarfi**
  1. Mat á stöðu leikskólabarna
- 9. Starfsmannahópurinn**
  1. Símenntun
- 10. Hagnýtar upplýsingar**
  1. Afmæli
  2. Leikskólagjöld/systkinaafsláttur
  3. Skipulagsdagar
  4. Upplýsingatafla fyrir foreldra
  5. Fatnaður
  6. Slys/óhöpp
  7. Veikindi/frí

## **Inngangur**

*Í lögum um leikskóla nr. 78/1994, staðfesti menntamálaráðherra nýja aðalnámskrá sem tók gildi 1. júlí 1999.*

*Samkvæmt aðalnámskrá ber hverjum leikskóla að útfæra sína skólanámskrá með hliðsjón af aðalnámskrá, um leið og tekið er tillit til menningar, sérkenna og starfshátta hvers leikskóla fyrir sig.*

*Vinnan við skólanámskrána hófst í maí 2002. Allt starfsfólkið kom að gerð skólanámskrárinnar. Markmiðið með þessu samstarfi er að nýta mannauð alls starfsfólksins og efla skilning og áhuga í markvissara og sýnilegra leikskólastarfi.*

*Þessari vinnu lýkur aldrei þar sem námskráin kemur til með að verða í stöðugri endurskoðun og þróun.*

*Skólanámskrá á að vera leiðarvísir um hvað og hvernig leikskólinn hyggst vinna að þeim uppeldismarkmiðum sem aðalnámskrá setur og einnig til upplýsinga fyrir foreldra og aðra sem áhuga hafa á uppeldisstarfi.*

## **2. kafli - Grundvöllur leikskólastarfs**

### **Lög um leikskóla**

*Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 78/1994 er leikskólinn fyrsta skólastigið. Sveitarfélög bera ábyrgð á byggingu og rekstri leikskóla en menntamálaráðuneytið gefur út aðalnámskrá leikskóla þar sem fram kemur uppeldis- og menntunarhlutverk sem leikskólum ber að vinna eftir. Jafnframt er hlutverk menntamálaráðuneytisins að stuðla að þróunar- og tilraunastarfi.*

*Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna og er leikskólastarfið einungis viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Leikskólinn er fyrir öll börn, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu eða trú.*

### **Aðalnámskrá leikskóla**

*1. júlí 1999 tók aðalnámskrá leikskóla gildi og tók hún við af Uppeldisáætlun fyrir leikskóla sem kom fyrst út árið 1985 á vegum menntamálaráðuneytisins og var endurútgefin í apríl 1993. Aðalnámskrá leikskóla er fagleg stefnumörkun um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskóla. Hverjum leikskóla er skylt að semja skólanámskrá þar sem m.a. er gerð grein fyrir hugmyndafræði, starfsháttum, markmiðum og leiðum, starfsáætlunum og mati á leikskólastarfi. Starfið verður skipulagðara og skilvirkara með gerð*

skólanámskrár sem hefur í för með sér sýnilegra, markvissara og auðveldara leikskólastarf og veitir heildarsýn á uppeldisstarfið.

### **Samkvæmt lögum um leikskóla (nr 78/1994) skal meginmarkmið með leikskólauppeldi vera**

- að veita börnum umönnun, búa þeim hollt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði.
- að gefa börnum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins undir leiðsögn leikskólakennara.
- að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo þau fái notið bernsku sinnar.
- að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna.
- að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börnin verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífældri þróun.
- að rækta tjáningar- og sköpunarmátt barna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.

### **3. kafli - Upplýsingar um leikskólann og rekstraraðila**

Leikskólinn Álfasteinn var opnaður formlega 15. mars 2001 og er rekinn af Hafnarfjarðarbæ. Húsnæði leikskólans er í eigu Nýsis sem sér um allt viðhald og framkvæmdir.

Grunnflötur leikskólans er 699,7 m<sup>2</sup>, rúmmál hússins er 2.698 m<sup>3</sup> en flatarmál lóðar er 5.015m<sup>2</sup>. Á Álfasteini eru fjórar deildir, Berg, Klettur, Hamar og Holt fyrir börn á aldrinum tveggja til sex ára og í leikskólanum geta dvalið allt að 92 börn samtímis.

Álfasteinn er staðsettur í nánasta umhverfi við Hvaleyrarskóla. Skólagarðar á vegum Hafnarfjarðarbæjar eru í næsta nágrenni við leikskólann og hefur leikskólinn nýtt sér þá yfir sumartímann.

Samkvæmt reglugerð nr.8 um leikskóla ákvarða barngildi og fjöldi sérkennslutíma stöðugildi leikskólans hverju sinni.

#### **Yfirstjórn leikskólans**

Leikskólanefnd fer með málefni leikskóla og markar stefnu í uppbyggingu og rekstri þeirra í umboði bæjarstjórnar. Fulltrúi foreldra og starfsmanna leikskóla sitja í nefndinni. Leikskólafulltrúi er starfsmaður leikskólanefndar.

Leikskólafulltrúi er yfirmaður leikskóla Hafnarfjarðar og hefur yfirumsjón með faglegu starfi og rekstri leikskólanna. Hann er til

*húsa á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar ásamt leikskólaráðgjöfum, sérkennslu- og innritunarfulltrúa.*

*Leikskólaráðgjafar og sérkennslufulltrúi veita leikskólakennurum faglega ráðgjöf og eru samstarfsaðilar þegar upp koma meðal annars þroskafrávik hjá börnum.*

*Innritunarfulltrúi sér um innritun barna í leikskólana í samráði við leikskólafulltrúa.*

*Upplýsingar um viðtalstíma eru veittar á Skólaskrifstofunni.*

*Þjónustudeild er starfandi á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Þar starfa sálfræðingar, ráðgjafar og talmeinafræðingar sem leikskólarnir hafa aðgang að.*

**Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar**

**Strandgötu 31**

**s: 585-5800**

**[skolaskr@hafnafjordur.is](mailto:skolaskr@hafnafjordur.is)**

#### **4. kafli - Markmið leikskólans – leiðir að markmiðum**

##### **Uppeldissýn leikskólans**

##### **Hugmyndafræðin**

*Til að ná settum markmiðum aðalnámskrár starfar leikskólinn eftir Framfararstefnu heimspekingsins John Dewey. Í þeirri stefnu er megináhersla lögð á að kenna börnunum gagnrýna og skapandi hugsun í stað þess að binda hugann við fyrirfram ákveðnar lausnir. Þetta er gert með því að spyrja börnin opinna spurninga og fá þau til að finna eigin lausnir.*

**Dewey... "Hlutverk kennarans er ekki að svara spurningum heldur að aðstoða við fæðingu nýrra spurninga."**

*Lögð er áhersla á frjálsan leik enda er hann talinn vera frumafli í þroska barnsins, í dagskipulagi leikskólans er frjálsa leiknum gefið gott svigrúm.*

*Hlutverk leikskólakennarans er meðal annars að skapa umgjörð um leikinn svo börnin verði virk og skapandi og geti unnið úr reynslu sinni.*

*Í aðalnámskrá leikskóla segir að skipulag og búnaður leikskóla eigi að örva leik barna, frumkvæði þeirra og virkni.*

*Til að svo geti orðið er unnið meðal annars með svokallaða einingarkubba sem hannaðir voru af bandaríska uppeldisfrömuðinum Caroline Pratt árið 1914. Þetta eru gegnheilir*

trékubbar (unit blocks) og einnig stórir, holir trékubbar (hollow blocks). Lögun þeirra og hönnun er þannig úr garði gerð að þeir ganga stærðfræðilega hver upp í annan. Þessi efniviður gefur börnunum gott tækifæri til stærðfræði- og rök hugsunar þar sem þau þurfa að glíma við þrautir og leita úrlausna. Þessir kubbar verða að skrifstofu, þyrlu, heimili og öllu því sem börnunum dettur í hug að skapa í hvert sinn óháð kynhlutverkum og menningu.

Fín- og grófhreyfingar styrkjast þegar börnin byggja og einnig félags- og málþroski þar sem þau byggja ýmist ein, samhliða eða saman. Þá þarf að ræða málin, koma sér saman um hugmyndir, hlutverk og verkefni, fá lánað og lána öðrum.

Þessi heimspekilega hugsun birtist síðan í æfingum þar sem börnin læra að hugsa sjálfstætt og forvitni þeirra er gerð jákvæð með opnum spurningum s.s. “hvað er?”, “hvernig?” og “af hverju?”. Þau læra einnig að taka ekki allt sem gefið og æfast í að færa rök fyrir skoðunum sínum. Með þessu læra börnin meðal annars að bestu vinir geta haft ólíkar skoðanir.

### **Sérkennsla/sérþarfir barna**

Leikskólinn er fyrir öll börn og ber að taka tillit til þarfa einstaklingsins óháð andlegu og líkamlegu atgervi. Hvert barn er einstakt og ber að virða mannauð hvers barns. Þau læra á mismunandi hátt og hraða og hafa ólíka reynslu, þroska og getu. Sérkennsla skal fléttuð inn í daglegt starf leikskólans sé þess nokkur kostur. Náið foreldrasamstarf er mikilvægt, sérstaklega þegar um sérkennslu er að ræða. Einstaklingsnámskrá miðast við þarfir barns með sérkennslu og ber að halda og vinna samkvæmt henni að settum markmiðum.

### **Langtímamarkmið Álfasteins**

Að börnin geti nýtt sér efnivið leikskólans sér til gagns og gamans með uppgötvunum í gegnum leikinn. Börnin sjái þá stærðfræðilegu möguleika sem leynast í kubbunum og þrói og þroski leikinn sér og öðrum til ánægju.

Með þessu móti verði hinn fullorðni börnunum meira til halds og trausts í starfi og leik.

**Pratt ...”börn læra fljótar og árangursríkar  
að vinna saman ef hinn fullorðni  
hefur lítil sem engin afskipti af þeim.”**

**Eða eins og Dewey sagði:**

**“Viska byggir hins vegar á reynslu og virkri hugsun  
og stuðlar að því að maður geti lifað lífinu.”**

Með þetta langtímamarkmið að leiðarljósi er leitast við að örva skapandi hugsun og sjálfstæði einstaklingsins.

### **Þarfir barna og foreldra**

Þarfir foreldra og barna þeirra eru fyrst og fremst góð menntun, umönnun og samskipti við starfsfólk leikskólans ásamt þeim dvalartíma sem fjölskyldan þarfnast. Mikilvægt er fyrir foreldra að fá faglega ráðgjöf, stuðning og þá sérfræðiaðstoð sem barn þeirra hefur þörf fyrir.

## **5. Undirstöðupættir leikskólastarfsins**

### **Daglegt líf**

Hið daglega líf leikskólans spannar bæði formlegt og óformlegt nám barnsins. Formlegt nám er það nám sem lýtur að skipulögðu starfi sem skipulagt er af hinum fullorðnu. Hið óskipulagða nám felur í sér aðstæður sem ekki eru eins vel skilgreindar, s.s. matmálstímar, hvíld, sjálfshjálp í fataklefa og að þvo sér.

Dagskipulag leikskólans tekur mið af þörfum barnsins, aldri og þroska. Dagskipulagið er klukka barnsins þar sem fastar tímasetningar skapa festu og stuðla að aukinni öryggiskennd barnsins.

### **Hópastarf**

Hópastarfið er kennslustund barnsins þar sem hinn fullorðni hefur skipulagt og undirbúið ákveðin verkefni með hliðsjón af námssviðunum sex úr aðalnámskrá leikskóla.

Hópastarf örvar þroska einstaklingsins og mannauður barnanna nýtist í samstarfsverkefnum þar sem þau læra hvert af öðru. Er því rík áhersla lögð á að efla samskipti og félagsfærni barnanna í hópastarfi.

Hópstjórinn ber ábyrgð á að fylgja eftir námssviðunum sex. Áhersla er lögð á að hóparnir hafi fasta hópstjóra og reynt er að halda aldurshreinum hópum í hópastarfi. Með þessu móti myndar barnahópurinn traustari vinabönd og verkefnavinnan er byggð á jafnréttisgrundvelli.

### **Stóri hópur eða “skólahópur”**

Í stóra hópi eru börn sem eiga eitt ár eftir í leikskóla. Ýmis undirbúningsverkefni fyrir komandi grunnskólagöngu eru unnin en ákveðið var að kalla þetta stórahóp þar sem nægur tími er til grunnskólagöngu. Eitt ár er langur tími í lífi barns og því er nauðsynlegt að leyfa barninu að njóta þess að vera í leikskólanum sem leikskólabarn. Þegar nær dregur vori eða um páska fara þau í

heimsókn í grunnskólann og ýmislegt s.s. innritun er orðið umræðuefni hjá barninu. Þá er fyrst tímabært að kalla leikskólabörnin skólahóp og um leið verða verkefnin mun skólamiðaðri.

### **Samstarf leik-og grunnskóla**

Gagnkvæmt samstarf og heimsóknir eru á milli skólastiganna tveggja. Elstu börnin í leikskólanum fá að kynnast því sem fram fer í fyrstu bekkjum grunnskólans og grunnskólabörn koma í heimsókn í leikskólann.

### **Leiktími/val**

Þegar leiktími hefst setjast öll börnin á deildinni í sín föstu sæti og velja eftir ljósmyndum þau svæði sem í boði eru. Valið er skráð frá degi til dags og skiptast börnin á að vera fyrst í röðinni að velja. Með þessu lærir barnið að velja á milli tilboða og þarf að standa við eigið val. Það lærir einnig að stundum þarf að velja næst besta kostinn ef fyrsta val er upptekið. Barnið getur skipt einu sinni á meðan á valtíma stendur svo framarlega sem svæðið sé laust. Markmiðið með valinu er að stuðla að sjálfstæði barnsins og læra að taka ákvörðun út frá fjölbreyttum möguleikum.

Velja má um ca. níu valsvæði samtímis en í allt eru tólf valsvæði. Þetta þýðir að skipt er út valsvæðum fyrir önnur. Í leiktímanum leika börnin sér frjálst á sínum eigin forsendum.

### **Útivist**

Á Íslandi er allra veðra von og því mikilvægt að hafa ætíð meðferðis hlýjan og skjólgóðan fatnað. Þetta er liður í uppeldi og þroska barnsins, að það læri að klæða sig sjálft og meta hverju þarf að klæðast hverju sinni og jafnframt því að ganga frá fatnaði þegar inn er komið. Útivera er einnig veigamikill þáttur sem stuðlar að hreyfingu og uppbyggingu líkamans.

### **Hvíld**

Andlegt og líkamlegt atgervi einstaklingsins byggir á góðri hvíld. Hvíld er því nauðsynleg öllum aldurshópum leikskólans. Yngstu börnin hafa þörf fyrir að sofna en eftir því sem börnin eldast þá hvílast þau við sögulestur, rólega tónlist og nudd.

### **Hreinlætisvenjur**

Þrifabjálfun barna er háð líffræðilegum þroska barnsins enda þroskast barn mishratt á þessu sviði sem öðrum. Starfsfólk tekur því mið af hverju barni fyrir sig og rík áhersla er lögð á að nærgætni og hlýja sé höfð í fyrirrúmi. Nálægð við barnið er oftast



mikil og gefst því gott tækifæri til umræðna um líkamann og hreinlæti ásamt því að hvetja þau til sjálfshjálpar.

### **Matmálstímar**

Matmálstímar eru einn þáttur af daglegum venjum leikskólans. Barnið lærir að leggja á borð, nota hnífapör og lærir almenna borðsiði. Hér gefst gott tækifæri til umræðna og því mikilvægt að ró og friður ríki á matmálstímum.

### **Leikurinn**

Það er samdóma álit flestra fræðimanna að í gegnum leikinn læri börn. Leikurinn er í raun bæði markmið og leið í leikskólastarfi þar sem börn vinna úr reynslu sinni, sorgum og gleði. Leikur barna er sjálfsprottinn, þar sem þau setja reglurnar og skapa leikinn út frá sínum eigin upplifunum og hugarheimi. Þau leysa úr vandamálum á eigin forsendum, gleyma stund og stað og öðlast nýja þekkingu, upplifa tilfinningar og ný leikni verður til. Í leiknum fá börn útrás fyrir hugmyndaflug sitt og sköpun, frumkvæði og virkni þeirra ræður ferðinni. Þess vegna er mikilvægt að huga vel að þeim efniviði og umhverfi sem börn leika sér í.

**Í Framfararstefnunni segir:**  
**“Leikurinn er leið að menntun og þroska.**  
**Hann verður að vera sprottinn frá náttúrulegri hvöt barnsins.**  
**Börn eiga að vera virk og skapandi í leik sínum.”**

Í dagskipulagi Álfasteins gefst börnum góður samfelldur tími þar sem þau hafa tækifæri til að þróa leik sinn og dýpka bæði inni og úti. Leikföng og annar efniviður í leikskólanum er sérstaklega valinn með tilliti til skapandi starfs, þykjustu- og hlutverkaleikja. Markmiðið er að efniviðurinn sé opinn og hæfi þroska barna, áhuga þeirra og getu.

## **6. Námssvið leikskólans**

Námssviðin eru áherslupættir í leikskólauppeldi. Samkvæmt aðalnámskrá skal vinna með eftirtalin námssvið:

- ✓ Hreyfingu
- ✓ Málrækt
- ✓ Myndsköpun
- ✓ Tónlist
- ✓ Náttúru og umhverfi
- ✓ Menningu og samfélag

Leikskólinn Álfasteinn hefur valið að bæta við tveimur námssviðum sem eru:

- ✓ Lífsleikni
- ✓ Kubbaleikur

Lífsleikni er orðin viðurkennd námsgrein innan skólakerfisins og því er við hæfi að hún verði meðal námssviða leikskólans. Þar sem mikil áhersla er lögð á trékubba í frjálsum leik sem og hópastarf er talið mikilvægt að kubbaleikurinn teljist einnig til námssviða Álfasteins.

Byrjað verður á að kynna markmið og leiðir í lífsleikni og kubbaleik en síðan koma ofangreind námssvið í réttri röð.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að námssviðin skarast og ekki er tekið fyrir eitt námssvið í einu. Náms barnsins byggir á daglegu lífi leikskólans en jafnframt á áhugasviði og virkni barnsins.

## **Lífsleikni**

Mikilvægt er að barnið læri að bera virðingu fyrir sjálfu sér og samfélaginu sem það lifir í. Með heimspekilegum umræðum gefst barninu tækifæri til að taka eigin ákvarðanir, bera ábyrgð og jafnframt skilja að vinir geta haft ólíkar skoðanir.

## **Markmið**

- Að virkja samkennd, vináttu og samskipti.
- Að efla virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Að efla virðingu fyrir reglum og umhverfi.
- Að börnin læri að tjá sig og fylgja fyrirmælum.

## **Leiðir**

- Að sýna tillitssemi við önnur börn.
- Að læra að fá lánað og lána öðrum.
- Að klæða sig.
- Að aðstoða og vera góð hvert við annað.
- Að nota leiklist til að tjá sig og setja sig í spor annarra.
- Að segja frá þegar maður vill ekki láta gera e-ð við sig.
- Að hvetja og hrósa hvert öðru.
- Að læra undirstöðuatriði heilbrigðs lífs.
- Að ræða hreinlæti.

## **Kubbaleikur**

Í gegnum leikinn læra börnin best. Kubbaleikur er ein leið til að tjá tilfinningar og tækifæri til sköpunar. Leikurinn tekur á öllum þroskaþáttum barnsins og er honum gefið mikið vægi hér á Álfasteini.

**Pratt... "Það sem ég leitaði eftir var eitthvað svo sveigjanlegt, svo aðhæfanlegt, að börnin gætu notað það án leiðbeiningar og stjórnunar."**

### **Markmið**

- Að örva alhliða þroska.
- Að efla gagnrýna og skapandi hugsun.
- Að örva sköpunargleði.

### **Leiðir**

- Að ræða um almenn stærðfræðihugtök, form og lögun hluta í leik með kubba.
- Að spyrja opinna spurninga.
- Að segja frá byggingum sínum.
- Að búa til sögur með aðstoð kubbanna.
- Að biðja félaga sinn um að lána sér og bjóða félaganum að fá lánað.
- Að skrifa nöfn bygginga (elstu börnin).
- Að flokka og telja.
- Að leggja inn hugtakaskilning.
- Að gera tilraunir og uppgötva í gegnum leikinn.

### **Viðbótarefni/verðlaust efni**

Þegar elstu börnin eru búin að þróa byggingar sínar fá þau viðbótarefni og verðlaust efni s.s.

- efnisbúta
- málningarlímband
- pappír
- liti
- sand
- steina
- rekavið

### **Stærðfræði/vísindi**

Þar sem kubbarnir eru byggðir og hannaðir út frá stærðfræðinni eru stærðfræði og vísindi stór hluti af kubbaleik barnsins.

### **Markmið**

- Að börnin læri að þekkja tölur, tölustafi og stærðfræðihugtök.
- Að börnin læri að telja, nota og uppgötva stærðfræðina.
- Að efla vísindalega og rökræna hugsun og stuðla að eðlislægri forvitni barnanna

## **Leiðir**

- *Leggja á borð*
  - *Hvað þarf marga diska?*
  - *Hvað eru mörg börn mætt í dag?*
- *Að vinna með stærðfræðihugtök með einingarkubbum.*
- *Að leyfa börnunum að fara í tölvuleiki sem leggja áherslu á rökræna hugsun.*
- *Að börnin byggja, telji og flokki einingakubba í leik.*
- *Að nota víðsjá og smásjá til að skoða og kanna, t.d. skordýr.*
- *Að spyrja spurninga, t.d. um líf og lífverur.*
- *Að hafa fræðibækur og vísindablöð aðgengileg.*

## **Hreyfing**

*Börn hafa ríka þörf fyrir hreyfingu. Öll hreyfing hefur áhrif á líkamlegt og andlegt atgervi barnsins. Því er mikilvægt að efla hreyfingroska barnsins á sem fjölbreyttastan hátt.*

## **Markmið**

- *Að efla líkamsvitund og tjáningu.*
- *Að rækta alhliða hreyfigetu og hreyfingroska barna.*
- *Að hafa í boði markvissa hreyfingu í leik og starfi.*
- *Að samhæfa hendur og huga með fínhreyfingu.*
- *Að samhæfa grófhreyfingar og jafnvægi.*
- *Að börnin læri ýmsa hópleiki.*

## **Leiðir**

- *Að byggja, klippa, perla og móta í leir.*
- *Að dansa með börnunum og leika með húllahringi og bolta.*
- *Að fara í ýmsa hópleiki.*
- *Að skipuleggja hreyfingu t.d.*
  - *þrautabrautir*
  - *stöðvaþjálfun o.fl.*
- *Að fara í gönguferðir.*

## **Málproski-málrækt**

*Tungumálið er mikilvægasta tækið til boðskipta. Öll samskipti við barnið örva málproska og er því mikilvægt að flétta málörvun inn í daglegt líf leikskólans.*

## **Markmið**

- *Að efla málproska barnsins.*
- *Að barnið læri að nota tungumálið og tjá sig gagnvart öðrum.*
- *Að efla hjá börnum hlustun, orðaforða, málnotkun og málskilning og kynna tákn með tali.*

## **Leiðir**

- Að setja orð á athafnir í daglegu starfi.
- Að nota fjölbreytt lagaval.
- Að börnin búi til eigin lög og noti til þess umhverfi, athafnir og hugmyndir þeirra sjálfra.
- Að hvetja börnin til að syngja, segja frá vísum og þulum og að þau æfi rím í daglegu máli.
- Að nota tákn með tali með söngvum, sögum og athöfnum.
- Að lesa og segja sögur frá eigin brjósti.
- Að örva börn til að segja frá og orða hugsanir sínar.
- Að kenna börnunum að setja heiti á athafnir, tilfinningar og hugsanir.
- Að vinna reglulega með markvissa málörvun.

## **Myndsköpun**

Einn mikilvægasti tjáningarmáti barnsins er myndsköpun. Barninu gefst tækifæri til að tjá tilfinningar sínar, reynslu og upplifun á listrænan hátt.

Frjáls og skapandi myndmótun eflir sjálfstraust barnsins.

## **Markmið**

- Að efla fín- og grófhreyfingar.
- Að efla hugmyndaflug og fagurproska.
- Að börnin læri að tjá sig í gegnum myndsköpun.
- Að börnin nýti sér einingarkubba í myndsköpun.

## **Leiðir**

- Að auka færni barnanna í að klippa, mála, lita, líma, byggja, sauma, fingurprjóna o. fl.
- Að nota fjölbreyttan efnivið og mismunandi lögun af pappír.
- Að skoða umhverfið og safna efniviði úr náttúrunni.
- Að hafa liti, pappír og annan efnivið aðgengilegan til sköpunar, t.d. kubba, fingurmálningu og krítar.
- Að skoða myndir og fara í vettvangsferðir og ræða við börnin um það sem fyrir augu ber.
- Að vinna úr upplifunum úr vettvangsferðum með einingarkubbum þegar í leikskólann kemur.
- Að hvetja börnin til að vinna verk sín sjálf.

## **Tónlist**

Tónlistin göfgar manninn. Eitt elsta tjáningarform mannsins er tónlist. Tónlistin spilar á tilfinningaskala okkar og getur verið uppspretta gleði og lífsfyllingar.

### **Markmið**

- Að börnin kunni fjölbreytta texta og lagaval.
- Að börnin læri að þekkja hljóðin í umhverfinu og kynnist tónlist á sem fjölbreyttastan máta.
- Að börnin veiti sjálfum sér og öðrum þolinmæði.
- Að börnin læri að tjá sig í gegnum tónlist.
- Að börnin þekki hljóð og notkun ýmissa hljóðfæra.
- Að börnin læri og þekki sol-fa kerfið.

### **Leiðir**

- Að dansa frjálst.
- Að standa upp og syngja fyrir aðra eða spila.
- Að búa til hljóð.
- Að hlusta á hljóð í umhverfinu.
- Að hlusta á ólíka tónlist.
- Að kynna mismunandi tónlistarmenningu og hljóðfæri.
- Að segja sögur og kenna börnunum tákni með tali.
- Að velja lög sem efla orðaforða.
- Að syngja með börnunum.
- Að nota hreyfingu og hrynjandi í tónlist.

### **Náttúra og umhverfi**

Náttúran er eitt af undrum veraldar. Barninu er hollt að kynnast fjölbreytileika náttúrunnar, komast í návist við hana og læra að virða og njóta fegurðar hennar.

### **Markmið**

- Að efla þekkingu á náttúrunni.
- Að vera í lifandi tengslum við náttúruna.
- Að efla virðingu og ábyrgðarkennd fyrir náttúrunni.

### **Leiðir**

- Að safna efniviði úr vettvangsferðum og vinna úr honum.
- Að skoða umhverfið og dýralíf fjörunnar eins og
  - steina
  - skeljar
  - pöddur
  - fiska
  - þörungna
  - fugla o.fl.
- Að fara í náttúruskoðun að Ástjörn þar sem flórgoðinn er með sitt einstaka flothreiður.
- Að vinna með það sem er á hverjum árstíma eins og
  - vetur – snjó, mismunandi snjó
  - vor – tína rusl eftir veturinn
  - sumar – vettvangsferðir

- haust – tína laufblöð
- Að fara með pappír og fernur í endurvinnsluna.
- Að endurvinna pappír í leikskólanum.
- Að læra að klæða sig eftir veðri.
- Að spjalla um það sem náttúran gefur okkur.
- Að skoða, snerta, finna, lykta og upplifa.

## **Menning og samfélag**

*Í fjölmennningarlegu samfélagi er mikilvægt að kynna börnum ólík menningarbrot, hefðir og venjur samfélagsins.*

### **Markmið**

- Að börnin kynnist menningu þjóðar sinnar og annarra og þeim samfélagshefðum sem þar ríkja.
- Að börnin temji sér umburðarlyndi, fordómaleysi og beri virðingu fyrir sér og öðrum.
- Að börnin læri og temji sér almennar reglur samfélagsins.

### **Leiðir**

- Að kynna fyrir börnunum ólíkan mat frá ýmsum þjóðum og matarvenjur t.d. að borða með þrjónum og höndum og leyfa þeim að taka þátt í að elda mat.
- Að kynna fyrir þeim tónlist og dansa frá ólíkum menningarheimum.
- Að upplýsa börn um ólíka menningarhópa með lestri bóka og frásögnum.
- Að ræða um siðferðislegar skyldur samfélagsins og fjölskyldna.
- Að ræða um ólíkar fjölskyldugerðir við börnin.

## **7. kafli – Samstarf heimilis og leikskóla**

### **Foreldrasamstarf**

*Á Álfasteini er lögð áhersla á að taka vel á móti hverju barni og foreldrum þess, þannig að barnið upplifi sig velkomið og foreldrar þess geti farið ánægðir til sinna starfa.*

*Í leikskóla er mikilvægt að gott samstarf sé milli heimilis og skóla og þar ríki gagnkvæmt traust. Dagleg samskipti eru mikilvæg þar sem fram koma upplýsingar um líðan barna og hegðun heima og í leikskólanum, breytingar á högum barnsins og fjölskyldulífi.*

### **Foreldrasamtöl**

Formleg foreldrasamtöl eru haldin tvisvar á ári, eitt að hausti og annað að vori. Í þessum viðtölum koma fram upplýsingar um stöðu barna og líðan þeirra. Mikilvægt er að þessi samtöl séu vel undirbúin af beggja hálfu. Önnur viðtöl eru haldin eftir þörfum og geta foreldrar ávallt óskað eftir viðtali hvort sem er við leikskólakennara eða leikskólastjóra.

### **Foreldrafélagið Alvör**

Foreldrafélagið Alvör er starfandi við leikskólann og tók það til starfa á haustdögum 2001. Stjórn Alvarar fundar reglulega og stendur fyrir ýmsum uppákomum. Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn að hausti ár hvert.

### **Foreldrafundur**

Á vegum leikskólans er haldinn foreldrafundur einu sinni á ári þar sem vetrarstarf skólans er kynnt.

### **Fréttabréf**

Reglulega er gefið út fréttabréf með ýmsum upplýsingum og fréttum um málefni leikskólans. Foreldrakaffi eru tvisvar á ári og eru þá börnin búin að sjá um undirbúning með kökubakstri. Opið hús er annað hvert ár en þá er gestum og gangandi boðið að kynna sér starfsemi leikskólans.

## **8. kafli – Mat á leikskólastarfi**

Samkvæmt lögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla er mat á leikskólastarfi í höndum leikskólakennara. Til að svo geti orðið eru ýmis mælitæki notuð sem meta þroska barna, aðbúnað og faglegt starf.

Íslenski proskalistinn er notaður er upp koma spurningar og vangaveltur um þroskafrávik barns.

Á Álfasteini eru reglulegir fundir með fagfólki þar sem meðal annars er farið yfir stöðu barna. Ef einhverjar spurningar vakna varðandi barn er reynt að leita lausna á þessum fundum.

Starfsmannafundir eru einu sinni í mánuði. Þar er farið yfir starfsemina sem eina heild og starfið metið mánaðarlega og bætt úr þeim hnökrum sem upp koma.

Deildafundir eru einu sinni til tvisvar í mánuði. Á þeim fundum er metin staða barnanna og skipulag deildarinnar.



## **9. kafli – Starfsmannahópurinn**

Væntingar samfélagsins til leikskólans hafa aukist ár frá ári. Því er það kappsmál að til leikskólans Álfasteins ráðist hæft fagfólk sem vinni af fagmennsku með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Starfsmenn eru hvattir til að sækja námskeið þar sem símenntun stuðlar að aukinni færni og starfsfólk geti fylgst með þeim nýjungum sem er að finna hverju sinni.

Starfsmannafundir og skipulagsdagur eru einnig nýttir til endur- og símenntunar fyrir starfsfólk.

Starfsmenn hafa skrifað undir þagnareið og eru bundnir trúnaði. Þessi þagnareiður fyrnist ekki þó starfsmaður láti af störfum.

## **10. Hagnýtar upplýsingar**

### **Afmæli**

Afmælisdagur barns er einn merkasti áfangi í lífi barnsins. Þessu til staðfestingar er dagurinn haldinn hátíðlegur með því að flagga íslenska fánanum og barnið heldur sína eigin afmælisveislu í leikskólanum með kökubakstri eða búðingi.

### **Leikskólagjöld/systkinaafsláttur**

Leikskólagjöld eru innheimt með gíróseðlum sem afhentir eru í leikskólanum um hver mánaðamót og greiðast fyrirfram. Foreldrum gefst kostur á að nýta sér greiðsluþjónustu eða mánaðarlegar Vísagreiðslur.

Systkinaafsláttur er 25% vegna annars barns og 50% vegna þriðja barns.

Ef sækja þarf um breytingu á dvalartíma eða flutning á milli leikskóla þarf að gera það hjá leikskólastjóra eða á Skólaskrifstofu og fylla út þar til gerð eyðublöð.

Uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar og ber að gera það hjá leikskólastjóra á þar til gerðum eyðublöðum.

### **Skipulagsdagur**

Samkvæmt samningi við Hafnarfjarðarbæ eru þrjú skipulagsdagur á ári og skulu þeir ávallt auglýstir með mánaðar fyrirvara.

Þá er leikskólinn lokaður.

### **Upplýsingatafla fyrir foreldra**

Almennar upplýsingar til foreldra eru á töflu í anddyri skólans. Einnig er að finna upplýsingatöflu fyrir framan hverja deild þar sem upplýsingum frá deildinni er komið á framfæri.

### **Fatnaður**

Athygli skal vakin á að leikskólinn er vinnustaður barnsins og ber því að velja fatnað í samræmi við það. Hann þarf að vera þægilegur og þola ýmis óhöpp sem geta átt sér stað í leik og starfi, s.s. málningarslettur, lím- og leirbletti.

Gott er fyrir barnið að vera í fatnaði sem það getur auðveldlega klætt sig í og úr því börnum finnst oftast gaman að geta klætt sig sjálf enda fyrirtaks æfing í sjálfshjálp og eykur sjálfstraust til muna.

**Leikskólinn ber ekki ábyrgð á fatnaði barnsins.**

### **Slys - óhöpp**

Ef barn verður fyrir óhappi er strax haft samband við forráðamann þess. Ef þörf þykir er farið með það á slysadeild til aðhlyningar. Hafnarfjarðarbær greiðir kostnað vegna fyrstu heimsóknar á slysadeild.

### **Veikindi - frí**

Mikilvægt er að tilkynna veikindi og frí barns í leikskólann. Það er góður vani og notalegt fyrir hin börnin í hópnum að vita af vinum sínum og hugsa til þeirra og láta sig varða líðan þeirra.

Þegar barn kemur í leikskólann er mikilvægt að því sé skilað í hendur starfsmanns og sama á við þegar barnið er sótt. Mjög mikilvægt er að starfsfólk sé ávallt látið vita.

Vinsamlegast látið vita ef aðrir en foreldrar sækja barnið.

**Umboðsmaður barna mælist til að sá sem kemur með eða sækir barn í leikskólann sé ekki undir 12 ára aldri.**